

Bifreiðastöður verða bannaðar við Ægissíðu að sunnanverðu milli Hofsvalla-
götu og Starhaga.

Jafnframt verður aflétt banni við bifreiðastöðum að norðanverðu við götuna á
sama kafla.

Framangreind regla tekur gildi 15. júní 1973.

Lögreglustjórinn í Reykjavík, 4. júní 1973.

Sigurjón Sigurðsson.

AUGLÝSING

um tölusettar kvittanir og reikningseyðublöð.

Frá og með 1. júlí 1973 skulu embætti, stofnanir og fyrirtæki ríkisins afhenda
tölusetta kvittun fyrir hvers konar greiðslum, sem þau veita viðtöku frá almenningi,
og hvort sem greiðslurnar falla til ríkissjóðs eða ekki. Kvittanir, sem hér um ræðir,
geta verið með tvennu móti:

A. Staðalkvittun (stærð A5L) með áprentuðu nafni embættis, stofnunar eða fyrir-
tækis, sem við greiðslunni tekur. Staðalkvittanir hafa skjaldarmerki lýðveldis-
ins sem sameiginlegt auðkenni. Stofnun eða fyrirtæki er þó heimilt að nota
eigið merki í stað skjaldarmerkis. Eyðublöð, sem hér um ræðir, bera ýmist
heitið „Kvittun fyrir innborgun“ eða „Reikningur“.

B. Sérgreind eyðublöð, sem merkt eru ríkissjóði eða yfirvaldi og notuð eru fyrir
ákveðnar tegundir greiðslna eða innborganir (t. d. aðflutningsskýrsla, sölu-
skattsskýrsla, skattakvittanir ritaðar í skýrsluvélum eða bókhaldsvélum o. fl.).

Fyrst um sinn og unz öðruvísi verður ákveðið er stofnunum og fyrirtækjum
heimilt, að höfðu samráði við ráðuneytið, að nota óstöðluð reiknings- og kvittana-
eyðublöð, sem þau hafa látið gera, enda séu þau tölusett og skilmerkilega auðkennd.
Stefnt skal að því að fella öll slík eyðublöð í staðlað horf.

Fjármálaráðuneytið, 5. júní 1973.

F. h. r.

Jón Sigurðsson.

Sverrir Júlíusson.

REIKNINGUR

Lífeyrissjóðs bændu 1972.

Rekstrarreikningur frá 1. janúar til 31. desember 1972.

Tekjur:

Framlag neytenda skv. áætlun	kr. 34 386 000.00	
— Tilfærsla vegna 1971	— 2 329 009.00	
		kr. 32 056.991.00
Iðgjöld framleiðenda skv. áætlun	kr. 22 924 000.00	
— Tilfærsla vegna 1971	— 1 553 006.00	
		— 21 370 994.00